

23

18. apríl

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð Skútustaðahrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Páll Pálmason.*

24

2. maí

## REGLUGERÐ

um

**grenjaleitir og refaveiðar í Skagafjarðarsýslu.**

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn og umsjón með grenjaleitum og refaeyðing í sýslunni, lögum samkvæmt.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Þyki fullvist, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum einhvers hrepps, eða þar hefir ekki fundizt dýr síðustu árin, getur hreppurinn fengið undanþágu frá grenjaleitum. Undanþágan verður þó því aðeins veitt, að sótt hafi verið um hana til sýslunefndar á aðalfundi hennar, og gildir hún aðeins um eitt ár.

3. gr.

Hvarvetna þar, er tveir eða fleiri hreppar eiga saman grenjaleitarsvæði, sem þeir skipta ekki með sér, skal kosin refaveiðanefnd á fundi upprekstrarfélags eða sameiginlegum fjallskilafundi til 3ja ára, og fari saman kjörtími nefndarinnar og hreppsnefnda. Tölu nefndarmanna ákveður fundur sá, er kýs þá. Nefndarkosninguna ber að tilkynna oddvita sýslunefndar.

Refaveiðanefndir hafa sömu skyldur og réttindi og hreppsnefndir um allt, er varðar grenjaleitir og refaveiðar í umdæmi þeirra.

24  
2. maí

#### 4. gr.

Heimilt er hreppsnefnd og refaveiðanefnd að fela einum manni framkvæmd tiltekinna atriða af skyldustörfum þeirra, svo sem sölu tófuyrðlinga og geymslu þeirra, enda beri nefndirnar ábyrgð á að slík störf séu rækt lögum samkvæmt.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd eða refaveiðanefnd skal á hverju ári í tæka tíð útnefna svo marga kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á til grenjaleita á leitarsvæði sínu. Nefndin kveður á um hvernig grenjaleitum skal hagað og annast um framkvæmd þeirra. Ber henni að gæta þess að grenjaleitir séu byrjaðar svo snemma, sem líkindi eru til að refir séu lagstir í gren.

Hver sem til grenjaleitar er sendur, skal hafa skirteini frá nefnd sinni, er sýni á hvaða grenjum hann á að leita í hvert skipti. Jafnan skulu tveir menn vera saman í grenjaleit, og ef unnt er annar þeirra skotmaður eða skotmaður hinn þriðji í för með þeim, að öllu útbúinn til grenjavinnslu.

Í afréttar- og heimalöndum, sem liggja saman, — þótt ekki sé í sama hreppi, skulu grenjaleitir í hvert skipti fara fram samtímis.

#### 6. gr.

Hreppsnefnd eða refaveiðanefnd skal ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í umdæmi sínu, svo snemma ár hvert, að skotmaður sé reiðubúinn til starfans hvenær sem gren finnst. Skyllt er nefndunum að sjá skotmanni jafnan fyrir vökumanni, er hann tekur gildan.

#### 7. gr.

Hreppsnefnd eða refaveiðanefnd skal á ári hverju tilkynna búendum í umdæmi sínu hæfilegum tíma áður en grenjaleitir byrja, hverjir skotmenn séu ráðnir, og skal landráðandi, þegar gren finnst og skotmaður ekki er í leitinni, senda tafarlaust eftir honum. Er skotmaður þá skyldur til að vera viðbúinn með útbúnað allan og skotfæri í gildu standi. Varðar sektum ef út af er brugðið, án þess að gild forföll séu sönnuð.

#### 8. gr.

Óheimilt er öllum, öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkv. 6. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggja svo til að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

#### 9. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju

24 til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem  
 2. maí mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en  
 skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni.  
 En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá,  
 er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmann, fá hæfilega þóknun fyrir  
 ómök sín.

## 10. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða formanni refaveiðanefndar þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnslan fer fram.

## 11. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem semst um við hreppsnefnd eða refaveiðanefnd.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 8. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið og aldrei meiri en hann hefði haft.

## 12. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

## 13. gr.

Nú vinnst hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar að hann hafi unnið. Gjald þetta greiðist úr sýslusjóði. Eigi þarf breytingu á reglugerð þessari til þess að sýslunefnd geti hækkað eða lækkað gjaldið.

Skýrsla skotmanns um, hvar og hvenær dýrið er unnið, skal því aðeins gild metin, að hún sé staðfest með vottorði tveggja valinkunnra manna úr þeim hreppi, sem dýrið er unnið í.

## 14. gr.

Bannað er að eitra fyrir refi nema þegar svo stendur á, að dýrbitur gengur á hjörð manns, og skal þá ef unnt er, byrja eitrið í hræ þeirar skepnu, er dýrið hefir grandað.

Gæta ber fyllstu varúðar um að eitrið verði ekki húsdýrum að meini, og er hreppsnefndum skylt að fyrirbyggja hættu af því svo sem auðið er.

## 15. gr.

Hreppsnefnd eða refaveiðanefnd skal halda bók yfir allt, er lýtur að grenjaleitum og refaeyðingu í umdæmi hennar. Ber henni að halda skrá yfir öll þekkt gren í umdæminu og gera stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunninn eru.

## 16. gr.

Hreppsnefndir og refaveiðanefndir skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í af-réttar- og heimalöndum þeirra.

Skylt skal nefndunum fyrir desembermánaðarlok að gefa sýslunefndinni skýrslu um grenjavinnslu og eyðing refa á annan hátt, eftir fyrirmynd, er sýslunefnd semur. Í skýrslu þessari skal enn fremur greint frá sölu yrðlinga og refaeldi í hreppnum eða refaveiðasvæðinu. Skýrslur þessar og reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar ár hvert.

Sýslunefnd getur, er henni þykir við þurfa, sett nánari fyrir mæli um hvaðeina, er snertir skýrslugerð þessa og reikningsskil nefndanna.

## 17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—5000 kr. er renna í sýslusjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 18. gr.

Með reglugerð þessari, er öðlast gildi 1. júní 1931, er úr gildi numin reglugerð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu, nr. 55, frá 6. maí 1925.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 12. gr. laga nr. 44, 19. maí 1930, staðfestist hér með.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. maí 1931.*

**S. Kristinsson.**

*Vígfús Einarsson.*